

Hveragerðisbær
Guðmundur F. Baldursson
Sunnmörk 2
810 Hveragerði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. september 2014
Tilvísun: UST20140800112/ksj

Tillaga að deiliskipulagi á tjald- og þjónustusvæði við Árhólma, Hveragerðisbæ.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 25. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi tjald- og þjónustusvæðis við Árhólma. Fram kemur í greinargerð deiliskipulagstillögunnar að helstu markmið hennar séu bætt aðstaða fyrir ferðamenn, uppbygging þjónustumiðstöðvar og gistiðstöðu, gerð tjaldsvæðis, salernisaðstöðu, göngustíga og bílastæða.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar er deiliskipulagssvæðið inni á svæði nr. 751 á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar er verið að bæta ástand svæðisins með ofangreindri tillögu, þar sem framkvæmdir eru áætlaðar fjær Hengladalaá og Varmá en nú er, bæði bílastæði og þjónustumiðstöð. Einnig tekur stofnunin undir þau áform að græða upp og endurheimta upprunalegt ástand þess svæðis þar sem núverandi bygging og bílastæði eru.

Framkvæmdir

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir aukinni uppbyggingu miðað við það sem nú er. Að mati Umhverfisstofnunar eiga gistiskáli og gistismáhýsi frekar samleið með tjaldsvæðum, og staðsetning gistimöguleika nær tjaldsvæðum myndi létta á umhverfi Hengladalaár og Varmár.

Þar sem um er að ræða náttúruminjasvæði og umhverfi þess, er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask. Einnig er mikilvægt að allar byggingar verði aðhæfðar umhverfinu bæði hvað varðar form og liti. Umhverfisstofnun tekur undir kröfur um að gistiskáli og smáhýsi séu vönduð að gerð til að forðast neikvæð sjónræn áhrif.


Fráveita


Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að fráveita fari í rotþrær og safnþró. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem áætlaðar framkvæmdir eru á náttúruminjasvæði og á grannsvæði vatnsverndar er mikilvægt að vandað sé til allra fráveituframkvæmda.

Mat á umhverfisáhrifum

Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu er þjónustumiðstöð sú sem áætluð er á Árhólmum þ.e. þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglandi, framkvæmd sem skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 framkvæmd sem kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skal metið í hverju tilviki fyrir sig, m.t.t. eðlis, umfangs og staðsetningar hvort þær séu háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun bendir á að því ber að tilkynna væntanlegar framkvæmdir til Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur